



ÚTHLUTUNARREGLUR VEGNA KOSTNAÐARÞÁTTTÖKU UNGMENNA Í LANDSLIÐSSTARFI

1. gr. – Tilgangur og markmið

Tilgangur reglna þessara er að setja ramma um styrki til sérsambanda ÍSÍ vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi á vegum sérsambanda ÍSÍ í samræmi við Afreksstefnu ÍSÍ.

Meginmarkmið styrkveitinganna er að lækka kostnað vegna þátttöku ungmenna sem taka þátt í landsliðsstarfi á vegum sérsambanda ÍSÍ hvort sem kostnaðurinn fellur á ungmennin sjálf eða er borinn af sérsamböndunum að hluta eða öllu leyti. Með styrkveitingunum er jafnframt stuðlað að því að jafna tækifæri ungmenna á þátttöku í landsliðsstarfi sérsambanda ÍSÍ.

Með ungmendum í reglum þessum er átt við alla sem keppa í ungmennaflokkum óháð aldri, en ekki þá sem keppa í fullorðinsflokkum. Þó eru ungmenni undir 18 ára alltaf skilgreind sem ungmenni, óháð því hvort þau keppi í ungmennaflokkum eða fullorðinsflokki.

2. gr. - Fjármögnun

Styrkveitingar vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi byggja á fjárframlagi mennta- og barnamálaráðuneytis skv. samningi við ÍSÍ. Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ) er heimilt að sækja frekara fjármagn til veitingar styrkja til kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsverkefni.

3. gr. – Styrkfjárhæðir og viðmið

AMÍ ákveður heildarfjárhæð til úthlutunar hverju sinni. Úthluta skal ráðstöfunarfé hvers árs en halda þó eftir 5% af ráðstöfunarfé til að mæta úthlutunum vegna ófyrirséðra verkefna innan ársins. Skal sá hluti koma fram í viðmiðum ársins þegar opnað er fyrir umsóknir.

Með kostnaðarþátttöku ungmenna er átt við beinan kostnað vegna þátttöku ungmenna í landsliðsverkefnum, svo sem ferðakostnað, gistingu, fæði, tryggingar og þáttökugjald. Ekki er hægt að sækja um styrk vegna þess hluta kostnaðar sem greiddur er af öðrum en sérsambandi eða ungmenninu sjálfu.

Styrkveitingar ráðast af þátttöku ungmenna í mótum sem ákveðin eru af AMÍ og tilkynnt er um samhliða birtingu viðmiðunar fjárhæða ársins. Styrkir AMÍ skulu að hámarki nema 80% af kostnaðarhluta vegna ungmenna í landsliðsverkefnum á vegum sérsambands, óháð því hvernig kostnaði er skipt milli sérsambands og ungmenna.

AMÍ er heimilt að taka tillit til eftirfarandi þátta við mat á styrkhæfum mótum og fjárhæðum styrkja:

- Keppnisfyrirkomulags móta og fjölda þátttökubjóða í viðkomandi íþróttagrein.
- Þátttökumöguleika á ÓL/HM/EM ungmenna.
- Annarra styrkja vegna landsliðsverkefna ungmenna.
- Kostnaðarhlutfalls ungmenna í landsliðsverkefnum.
- Lengd móts eða ferðalags.





AMÍ er heimilt að veita viðbótarstyrk vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi til að mæta ófyrirséðum verkefnum innan ársins og/eða ef ungmenni greiða yfir 500 þ.kr. á einu ári fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum ungmenna.

4. gr. - Umsóknir

AMÍ skal auglýsa eftir umsóknum vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi, a.m.k. einu sinni á ári samhliða auglýsingu vegna annarra styrkja í Afrekssjóð ÍSÍ. Umsókn skal berast innan umsóknarfrests og á því formi sem AMÍ gerir kröfu um. Við auglýsingu eftir umsóknum skal AMÍ kynna sérsamböndum árlegar viðmiðunarfráhræðir og áherslur hvers árs. Sérsambönd geta sent inn umsóknir til AMÍ utan auglýsts umsóknartímabils vegna ófyrirséðra verkefna.

5. gr. – Ákvörðun um styrkveitingar

AMÍ tekur afstöðu til fullbúinna umsókna sérsambanda. Í tengslum við meðferð umsókna getur AMÍ kallað eftir gögnum og frekari upplýsingum frá sérsamböndum og fulltrúum þeirra.

AMÍ er heimilt að skerða eða hafna styrkveitingu hafi umsókn ekki borist á réttum tíma eða verulegir vankantar eru á umsókn. Styrki vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi skal veita vegna eins árs í senn.

AMÍ gerir tillögu um úthlutun styrkja á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna sem lögð skal fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til endanlegrar staðfestingar. Tillögur AMÍ skulu vera skriflegar og rökstuddar og byggðar á úthlutunarreglum AMÍ. Ákvarðanir AMÍ sem hlotið hafa staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ eru endanlegar og ekki kærnlegar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir AMÍ upplýsingar um styrkfjárhæðir sérsambanda.

6. gr. – Skilagreinar og greiðslur

Sérsambönd ÍSÍ sem hljóta styrki vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi skulu senda AMÍ skilagrein samkvæmt beiðni AMÍ þar um, þar sem fram kemur m.a. í hvaða mótum ungmenni tóku þátt, lengd móta, fjöldi keppenda og kostnaðarhluti þeirra.

Allar greiðslur AMÍ vegna kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi ungmenna skulu berast til viðkomandi sérsambands ÍSÍ. Í þeim tilvikum sem ungmennin sjálf bera hluta kostnaðar er sérsamböndum skylt að verja greiðslunum til lækkunar á kostnaðarþátttöku ungmennanna og óheimilt að verja greiðslunum í önnur verkefni. Skulu sérsambönd endurgreiða ungmennum eða lækka kostnaðarþátttöku þeirra eins fljótt og unnt er.

Greiðslur AMÍ til sérsambanda dreifast á tólf mánuði í samræmi við samning á milli ÍSÍ og mennta- og barnamálaráðuneytis.

7. gr. – Niðurfellingar

Hafi skilagrein ekki borist innan skilafrests, hefur AMÍ heimild til að fella niður þann hluta styrksins sem þá er ógreiddur. Þá getur AMÍ krafist þess að sérsamband ÍSÍ endurgreiði AMÍ þann hluta styrksins sem þegar hefur verið greiddur, liggja ekki ljóst fyrir hvernig þeim fjármunum hefur verið ráðstafað eða ef ráðstöfun er ekki í samræmi við úthlutun.

AMÍ getur frestað eða fellt niður styrkveitingar tafarlaust ef forsendur úthlutunar breytast eða AMÍ hafi verið veittar rangar eða villandi upplýsingar. Eins getur AMÍ frestað eða fellt niður frekari styrkveitingar ef sérsamband fylgir ekki eftir áætlunum sínum, upphafleg áætlun tekur





breytingum, forsendur styrkveitingar ganga ekki eftir eða sérsamband stendur ekki skil á nauðsynlegum upplýsingum til AMÍ.

AMÍ skal taka saman lista yfir þá styrki sem fella á niður samkvæmt reglum þessum. Skal listinn staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSÍ og sérsamböndum tilkynnt um niðurfellingu styrksins í framhaldinu.

8. gr. – Gildistími

Úthlutunarreglur þessar öðlast gildi við samþykki framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 15. apríl 2026.

